

Skrípalæti og skelfileg tónlist

Annað bréf af bökkum Maas

*Par spretta laukar,
þar gala gaukar,
þar syngja svanir á tjörnum?*

Þessar hendingar úr íslenski pulu lýsa ágætlega ástandinu sem nú ríkir hér á bökkum Maas. Við vöknum á morgnana í vorblíðu við gaukinn í bakgarðinum sem gefur frá sér vinalagt kúkú og lítum út um eldhúsgluggann á laukana sem Steinunn potaði niður í haust og eru farnir að mjaka sér upp úr moldinni. Í dag var meira að segja komin tímavillt páskaþilja og breiddi út heidgul blöðin á móti föstunni. Það eina sem vantar eru svanirnir, þá hef ég ekki orðið var við enn. Hins vegar sá ég endur á tjörn, sumar þeirra alhvítar eins og svanir.

Fastan hófst með látum eins og síður er á þessum slóðum. Karnivalið eða kjötveðjuhátíðin hér í Maastricht þykir ein sú litríkasta og villtasta í Hollandi og þótt víðar væri leitað. Um það sannfærðumst við á dögum um því þessi síðprúði bær tók hamskiptum í þrjá daga. Alla jafna eru íbúar Maastricht þenir og stilltir smáborgarar sem abbast ekki upp á neinn mann að fyrra bragði og minna mest á Akureyringa.

Indjáni á hjóli

En einn góðan veðurdag umhverfðust þeir gersamlega. Þeir klæddust alls kyns afkáralegum skrúða og máluðu sig í framan að hætti fjarlæggra þjóða. Það var ekki bara í litskrúðugum fjöldagöngum um miðbæinn heldur voru þeir svona undarlega klæddir allan tímann frá laugardegi fram á þriðjudagskvöld. Ég gekk einn daginn upp á járnbrautarstöð og mætti á leiðinni munkum, norðum, nunnum, föngum, Línu langsokk og fjölda karlanna sem klæddir voru í kvenmannsföt (þetta er greinilega gósentíð fyrir klæðskipting). Og þótt menn væru ekki sýnilega að skemmta sér neitt sérstaklega voru allir á einhvern hátt merktir karnivalinu. Einum mætti ég á hjóli, manni á mínnum aldri sem var ósköp hversdags-

legur og gat þess vegna verið að hjóla í vinnuna. Hann var vanalega klæddur að öðru leyti en því að hann hafði fjaðraskraut að hætti indjána á höfðinu. Sennilega hefur hann ekki verið á leið í vinnuna því við rákum okkur óþyrmliga á það að allir vinnustaðir, verslanir og skrifstofur, bankar og pósthús, voru lokað þessa daga. Einu staðirnir sem voru opnir voru barirnir og þeir voru troðfullir frá morgni og fram á nótt.

Kjötið kvatt með stæl

Við komumst líka að því að til þess að njóta karnivalsins til fulls þarf maður að vera heima maður. Hjá venjulegum Hollendingi hefst karnivalið nefnilega á haustin þegar þeir skipta sér í hópa til að undirbúa þátttöku sína. Þeir búa sér til ótrúlega skrautlega búninga og kjósa sér prins og prinsessu sem taka völdin í bænnum á hátíðinni. Karnivalið í Maastricht hefst á laugardegi fyrir bolludag á því að prinsinn kemur í bæinn og fólkið fagnar honum á brautarstöðinni. Þaðan er svo gengið í prósessiu niður í miðbæ þar sem gleðskapurinn hefst á öldurhúsum. Á sunnudeginum er athöfn á aðaltorginu þar sem borgarstjórinn afhendir prinsinum lykjavöldin í borginni og að því búnu hefst gangan mikla. Klukkustundum saman eru nýir og nýir hópar að birtast á göngubrúnni og mjakast svo um bæinn. Ef ekki hefði verið veðurlagið - bjart og kalt - hefði maður getað verið í Ríó, svo mikil var litadýrðin og hugmyndaauðgin í búningum fólksins. Hóparnir eru númeraðir og þeir eru mjög fjölbreytilegir. Sumir eru geysifjöldmennir, greinilega skipulagðir af félagasamtökum eða hverfasamtökum og hafa sína eigin lúðrasveit. Aðrir eru fámennari, jafnvel bara fjölskylda og örfáir vinir sem ýta á undan sér barnavagni með glymskratta. Það sem kom okkur mest á óvart var að það var ekkert annað á dagskrá. Menn voru bara að skemmta sjálfum sér og drekka bjór. Á mánudeg-

inum var komið að börnunum og á þriðjudeginum var loka-gangan en á miðnætti var allt búið, lykklinum skilað. Á öskudag áttu menn svo að mæta í kirkju og ausa yfir sig ösku að fornum síð og svo hófst fastan. Ég verð að játa að ég hef ekki orðið var við að menn taki hana ýkja hátíðlega. Karnivalið taka menn hins vegar föstum tókum og mér er sagt að níu mánuðum eftir að það stendur sé mikið annríki á fæðingardeildum héraðsins.

Úreltur öryggisventill?

Karnivalið byggist á eldfornum hefðum sem tynast aftur í grárrí fornaskju ef reynt er að rekja þær til upphafsins. Fyrr á öldum var þetta árlegur öryggisventill þjóðfélagsins. Menn gátu rasað út og hlaupið af sér hornin án þess nokkur fetti fingur út í það. Á karnivali mátti gera allt, drekka og dufla, dansa og syngja, fara með nið og skens um náungann og draga dár að landsdrottunum. Nú á dögum tján-ingarfrelsis og almenns umburðarlyndis er ekki sama þörfin fyrir þennan öryggisventil. Lesendadálkar dagblaðanna standa öllum opnir sem vilja gagnrýna stjórnvöld og hömlur á skemmtanalífi eru afar litlar. Enn er þó haldið í fornar hefðir því form hátíðarinnar er það að réttkjörin stjórnvöld afhenda hirðfíflunum völdin. Það er meira að segja afar vinsælt í röðum pólitíkusa og talið fengsælt bragð í atkvæðaleitinni að mæta í ráðhúsið í Maastricht og láta prinsinn syngja um sig eitthvert háð og spé. Síðast en ekki síst eru ítök kirkjunnar ekki þau sömu og áður. Fáir taka alvarlega bann við því að borða kjöt og egg og mjólkurafurðir í heila fjórutíu daga. Þetta er dálítið slæmt fyrir viðskiptajöfnuðinn uppi á Íslandi því þar hafa fiskkaupmenn löngum maked krókinn á að selja soltnum og fastandi kapólikkum fisk, einkum saltfisk.

Enga lausung hér!

En þar sem ég reikaði um í mannþrönginni og kepptist við



Kjötveðjuhátíðin í Maastricht þykir sú villtasta og litríkasta í Hollandi segir Þröstur í grein sinni. Og víst er að löng hefð er fyrir villtum gleðslap í Niðurlöndum eins og þetta málverk Bruegels „Bændadansinn“ frá árinu 1566 ber með sér.

að týna ekki konunni og syninum fór ég í huganum að bera þessa hefð saman við fátækt mörlandans á þessu sviði. Við máttum þola það að hreintrúarstefna siðbótarinnar gerði sitt besta til að útrýma allri lausung og skemmtan í landinu enda segir einhvers staðar á frægri bók að á Íslandi hafi verið bannað að syngja og dansa í hundrað og fimmtíu ár. Jörfagleði var úthrópuð og allt annað en sálmar og sannferðugt guðsorð talið komið úr neðra. Við sitjum því uppi með bolludag og sprengidag og höfum verið að mæðast í því að efla dönsk skrípalæti á öskudag. Allt er þetta þó með öðrum brag en hér suður í kapólskenni. Hér syngja allir af því þá langar til en ekki til þess að verða sér úti um nammi. Að vísu er lagavalið á karnivalinu alveg skelfilegt. Þar ægir vissulega öllu saman en mest ber þó á söngvum sem voru til skamms tíma kölluð „þýsk dægurlög“ á Rás 1 og kalla fram myndir af barmmiklum matrónum og vambsíðum köllum með týrólahatta og yfirskegg að dilla sér í takt í þýskum bjórhöllum. Úff.

„Ég bókstaflega varð“

Þá datt mér í hug að ef eitthvað

væri til á Íslandi sem líktist karnivalinu væri það þorrablót eins og þau gerast best í sveitum landsins. Líkt og hér fá menn útrás fyrir skammdegisþunglyndið í því að rífa í sig fornan mat og skola honum niður með brennivíni. Svo er dansað og sungið og farið með gamanmál sem einmitt eru svona misníðangurslegar athugasemdir um það sem miður hefur farið á nýliðnu ári, ófarir náungans og óvæntar uppákomur í ástarlífinu. Yfirvöldin fá sinn skammt ef þau hafa hagad sér einstaklega heimskulega (sem þau gera oftast) og presturinn er vinsælt skotskífa. Þess vegna finnst mér full ástæða til að halda í þessa ágætu hefð og efla hana heldur en hitt. Tímasetningin á þorra er dálítið vond fyrir skrautlegar útigöngur en skammdegisdrunginn kallar á hákrál og brennivín á þessum árstíma. Meira að segja í útlöndum geta menn ekki án þess verið. Við fórum á þorrablót í Amsterdam og hittum þar margt landa, meðal annarra einn sem kominn var frá Brussel vegna þess að hann hafði misst af blótinu þar. „Ég bókstaflega varð að komast í þennan mat,“ sagði maðurinn þar sem hann stóð á beit í hákarlinum og kumraði í honum af nautn.